

SAMÞYKKT

um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með samþykkt þessari kemur Grímsnes- og Grafningshreppur á hreinsun fráveituvatns og reglubundinni losun, vinnslu eða förgun seyru úr rotþróum í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna (íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana) og atvinnustarfsemi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Samþykktin nær til rotþróa, set- og sand-skilja, fellitanka og olíu- og fitugildra.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhverjum húsráðanda og forsvarsmanni fyrirtækis eða stofnunar í Grímsnes- og Grafningshreppi er skylt að leiða fráveitu frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrir-mælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.

3. gr.

Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd annað hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistiþjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirumsjón með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnin á hverjum tíma, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

4. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyru losun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróum og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og ensíma til að auka virkni rotþróa.

II. KAFLI

Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar seyru.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði við seyruhirðu og með-

höndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við tíðni seyruhirðu og eftir aðstæðum, magn. Heimilt er að innheimta seyrugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyru eða öðru samkomulagi við viðkomandi, heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

6. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur samkvæmt gjaldskránni og eftir tíðni, umfangi og magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign. Sveitarstjórn er heimilt að veita undanþágu frá gjaldskrá þessari. Um slíkt skal sótt til sveitarstjórnar, sem fjallar sérstaklega um hvert mál fyrir sig.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 17. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.